

Stjórnarfundur Geðhjálpar 14.04.2016

Mættir: Anna Gunnhildur, Hrannar, Védís, Halldóra, Bergþór, Sylviane, Þórður og Rakel

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(X).**
Fundargerð lesin og samþykkt.
- 2. Stjórn Geðhjálpar skiptir með sér verkum, þ.e. varaformanns, gjaldkera og ritara.**
Varaformaður verður áfram Sveinn Rúnar, Maggý verður ritari og Þórður tekur að sér gjaldkerahlutverkið.
- 3. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, mannréttindalögfræðingur, kynnir úttekt sína á því hvað vantar upp á lögræðislögin til að þau standist ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (PSÆ).**
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, mannréttindalögfræðingur, og Hafþór Sævarsson, laganemi, gerðu grein fyrir úttekt Þórhildar Sunnu á því hvað vantaði upp á nýju lögræðislögin til að þau stæðust Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Niðurstaða úttektarinnar er að lögin standast samninginn ekki í meginatriðum. Inntak og skilningur Innanríkisráðuneytisins er sá að hið sama gildi um fatlaða og ófatlaða en einungis fatlað fólk getur verið svipt sjálfraði. Rætt og reifað í nokkra stund. Stjórnarmenn gáfu fundargestum gott klapp í lokin. Ákveðið að „pönkast“ í þessu áfram á næsta fundi.
- 4. Global screening <http://healingvoicesmovie.com/one-night-one-voice/?v=7516fd43adaa> (HJ).**
Rætt var um framtakið og kíkt á stiklu úr myndinni. Samþykkt var að kaupa sýningarrétt á myndinni 29. apríl nk.
- 5. Þrjár tilnefningar í notendaráð fatlaðs fólks, sbr. erindi Tómasar Inga Adolfssonar fyrir hönd Reykjavíkurborgar (HJ).**
Samþykkt var að tilnefna Védísi í ráðið. Önnu Gunnhildi var til viðbótar falið að óska eftir því við Auðnu Ýrri Oddsdóttur og Sigprúði Þorfinnsdóttur að taka sæti í notendaráðinu. Í framhaldi af umræðunni stakk Hrannar upp á því að stofnað yrði trúnaðarráð innan félagsins.
- 6. Auglýsing ÖBÍ um tilnefningu fulltrúa í málefnaþóp um atvinnu- og menntamál og málefnaþóp um heilbrigðismál (HJ)**
Samþykkt var að tilnefna Bergþór í heilbrigðisþópinn og Sylviane í atvinnu- og menntamálahópinn.
- 7. Auglýsing ÖBÍ um tilnefningu fulltrúa í stjórn Fjölmennar (HJ).**
Samþykkt var að tilnefna Önnu Gunnhildi og Þórð í sæti aðalfulltrúa og Halldóru og Rakel í sæti varafultrúa.
- 8. Bataferð til London – Bataskóli á Íslandi (HP, ÞI, AGÓ).**
Halldóra greindi frá ferðinni og þakkaði sérstaklega Önnu Gunnhildi og Lindu fyrir undirbúning hennar. Samtals fóru 24 frá hinum ýmsu þjónustu- og búsetuúræðum Reykjavíkurborgar. Mikil ánægja var með ferðina. Sylviane sagði frá að Hlutverkasetrið byggði á sömu hugmyndafræði. Kristjana og Aðalbjörg frá Reykjavíkurborg skrifuðu ítarlega skýrslu um ferðina. Anna Gunnhildur sendir hana til stjórnarinnar á næstunni. Rætt og rætt og ákveðið að halda áfram af fullum þunga að vinna að því að koma á fót Bataskóla á Íslandi.
- 9. Erindi framkvæmdastjóra (HJ).**
Samþykkt var að fela Hrannari, Sveini Rúnari, Þórði og Maggý að ræða við framkvæmdastjóra, kynna og bera niðurstöðuna upp til samþykktar á næsta fundi.
- 10. Önnur mál.**
Engin.